ORKUSTOFNUN

# Fundur sérfræðinga hjá SÞ um landgrunnsmörk, september 1995

**Karl Gunnarsson**

**Greinargerð KG-95-05**

# FUNDUR SÉRFRÆÐINGA HJÁ S.Þ. UM LANDGRUNNSMÖRK, SEPTEMBER 1995

## 1. Tilgangur fundar og helstu málefni

Undirritaður sat fund í húsakynnum Sameinuðu Þjóðanna í New York, sem var haldinn daganna 11-14 september 1995 á vegum DOALOS (hafréttardeildar hjá Lögfræðiskrifstofu S.Þ.). Þessi för var á vegum Utanríkisráðuneytisins. Hafréttarsáttmálinn gekk nýlega í gildi og samkvæmt ákvæðum hans er stefnt að því að koma á nefnd (Commission) á næsta ári til að veita umsögn um skilgreiningu ríkja á landgrunnsmörkum sínum. Tilgangur þessa fundar var að huga að ýmsum málum sem nefndin mun þurfa að fjalla um og ákveða, en engar ákvarðandir voru teknar og niðurstöður þessa fundar hafa enga opinbera merkingu.

Fundinn sátu sérfræðingar víða að úr heiminum og tilgangurinn var að ræða tæknileg atriði varðandi framkvæmd þeirra ákvæða Hafréttarsáttmálans sem varða skilgreiningu á landgrunnsmörkum. Sérfræðingarnir voru einkum á sviði jarðfræða og sjókortagerðar, en lögfræðileg sérþekking var einnig til staðar. Jean-Pierre Levy forstjóri hafréttardeildar lögfræðiskrifstofu S.Þ. (Direktor, DOALOS/OLA) stjórnaði fundum. Listi yfir þáttakendur fylgir hér með í viðauka, og geta má sér þess til að nokkur hluti þessa hóps er líklegur til að taka síðar sæti í nefndinni.

Helsta starf á fundinum var að fara í gegn um uppkast, svonefnt "Annotated agenda" sem velti upp ýmsum spurningum varðandi tegundir og form gagna sem ættu að fylgja landgrunnsmörkun, og hvaða hjálpargögn nefndin ætti að hafa við hendi. Þetta plagg var samið af Haworth frá Kanada, sem hefur unnið mikið á þessu sviði (hann sýndi m.a. hugmyndir Kanadamanna um landgrunnsmörk). Það kom greinilega fram í umræðum að sjónarmið sérfræðinga voru all mismunandi, enda úr mismunandi fræðigreinum og greina mátti að mismunandi aðstæður á heimaslóðum manna lituðu skoðanir þeirra. Sumir ræddu um miklar kröfur til nákvæmra og mikilla gagna en aðrir bentu á að víða sé ekki kostur á gögnum af nýjustu og bestu gerð og taka verði tillit til þess. Sumir litu eingöngu til dýptarmælinga en aðrir vildu að jarð- og jarðeðlisfræðileg gögn væru tekin til skoðunar. Ljóst er að þegar til kasta nefndarinnar kemur verður að finna málamiðlun í mörgum tilfellum.

Annars voru umræður margvíslegar eins og má sjá á allmörgum skjölum sem fram komu á fundinum (sjá ritalista í viðauka). Eitt helsta þeirra var "A Conceptual Modus Operandi for the Commission on the Limits of the Continental Shelf - For Discussion", þar sem dregnar eru upp hugmyndir um hvernig nefndin gæti starfað. Stefnt er að því að DOALOS gefi út opinbert plagg um þennan fund, sem mun byggja á því efni sem tekið var fyrir á fundinum, og þykir hæfilegt til birtingar. Fyrsta uppkasti verður dreift til þáttakenda til umsagnar. Einnig mun stofnunin semja sérstakt plagg með almennum starfsreglum nefndarinnar.

## 2. Atriði sem varða sérstaklega landgrunn Íslands

Þó að þess væri gætt að ræða almenn atriði en ekki einstök tilfelli, mátti skynja að deila Íslands, Færeyja, Bretlands og Írlands um Hatton-Rockall svæðið var í huga sumra. Nefna má að í fundarhléi dró Dr. Peter Cook dró fram kort af deilusvæðinu og og sagði að menn sínir (líklega þá hjá British Geological Survey) hefðu verið að skoða þetta mál og það væri nokkuð ljóst. Á kortinu var gert ráð fyrir að Hatton-Rockall grunnið væri hluti af landgrunni Bretlandseyja, og brekkufótur þar vestan við. Aðspurður hvers vegna hann sýndi ekki dönsku

og íslensku línurnar, svaraði hann því til að hann skipti sér ekki af pólitík - sem vakti hlátur. Benda má á að hann er formaður IOC (Intergovernmental Oceanographic Commission) sem tengist S.Þ. Þessi stofnun ásamt IHO (International Hydrographic Organization) hafa sérstaka stöðu í þessum málum sem ráðgjafar Lögfræðiskrifstofunnar, og til stendur að þær setji saman leiðbeiningarit um þessi mál. Almennt má segja að Bretar og breski heimurinn hafi mikil áhrif á þessu sviði, og er vert að hafa það í huga.

Fulltrúi Rússa (Kazmin) minnti á að skilgreining á mörkum á neðansjávarhryggjum hafi ekki verið rædd, og taldi þetta verði eitt mesta vandamálið. Levy svaraði því til að á fundinum 1993 hafi mikið verið rætt um þetta og menn hafi ekki getað komið sér saman um túlkun. Því hafi þessu atriði verið viljandi sleppt nú. Þetta mun skipta Ísland miklu máli varðandi Reykjaneshrygg, og gæti einnig snert skilgreiningu á Rockall-svæðinu.

Þá er þess að geta að umboð nefndarinnar mun ekki taka til markalína þar sem landgrunnssvæði ríkja liggja saman eða skarast. Þetta gæti átt við Rockall-deiluna, og myndi hún þá ekki koma á borð hjá nefndinni. Þó verður að hafa í huga að hluti landgrunnsmarkanna til suðurs eru gegnt alþjóðlegu hafssvæði, og er umfang þeirra háð lausn deilunnar. Á fundinum var drepið var á þannig tilfelli en óljóst er hvernig þau verða meðhöndluð. Þá gæti nefndin verið kölluð til ráðgjafar ef þrætumál fara fyrir dóm.

Það er þegar ljóst að skilgreining Íslands á landgrunnsmörkum frá maí 1985 er ekki nægjanlega ýtarleg til að uppfylla líklegar kröfur nefndarinnar hvað varðar skilgreiningu á gögnum sem liggja til grundvallar og mælingaraðferðum. Þess er hvergi getið hvernig fjarlægðir eru lagðar út eða í hvaða landmælingakerfi, eða hvaða grunnlínupunktar eru notaðir. Greinilegt er að þessar mælingar eru afar grófar og gerðar á frumstæðan hátt á korti. Auk þess er ein augljós skekkja í hnitunum, sem gerir dálítinn hlykk í 350 sjómílna mörkin á Reykjaneshrygg (sjá meðfylgjandi kort). Gera má ráð fyrir því að sérfræðinganefnd geri athugasemdir við þessar aðferðir. Ég vil þó taka fram að þessi atriði snerta ekki rökin sem liggja til grundvallar kröfu okkar, heldur valda einungis dálitlum tilhliðrunum í legu markanna, og það er einungis spurning um landmælingatækni að laga þessi atriði. Mun erfiðara viðfangs yrði ef skilgreining okkar á brekkurótum (foot of the continental slope) yrði dregin í efa. Þá er einnig mögulegt að dýptarkortið sem lá til grundvallar (einnig óskilgreint) verði gagnrýnt, þess krafist að upphaflegir dýptarprófílar á siglingalínum séu lagðir fram og jafnvel að betri mælingar verði gerðar.

Reykjavík, 19.09.95, Karl Gunnarsson.

Karl Gunnarsson

## VIÐAUKI 1. RITASKRÁ

**Eftirfarandi plöggum var dreift fyrir fundinn (background papers):**

Annoted Agenda regarding Scientific and Technical Aspects for the UN Group of Experts dealing with the Establishment of the United Nations Commission on the Limits of the Continental Shelf. Elsta útgáfan. (Einkum skrifað af Haworth)

United Nations, Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea Office of Legal Affairs: The Law of the Sea - Definition of the Continental Shelf. An Examination of the Relevant Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea. New York, 1993. (Prentaður bæklingur)

Statement by Mr. Hans Corell, Under-Secretary-General for Legal Affairs, The legal Counsel: Meeting of the Group of experts on preparation for the establishment of the commission on the limits of the continental shelf.

**Ýmsar athugasemdir og uppköst samin á meðan á fundi stóð:**

A Meeting of the UN Group of Experts on Preparation for the Commission on the Limits of the Continental Shelf: A Conceptual Modus Operandi for the Commission on the Limits of the Continental Shelf. For Discussion. September 12th 1995.

Astiz, Osvaldo Pedro: A General Priciple

Astiz: About Baselines.

Awosika, L.F.: Group of Experts Meeting on Commission on Continental Shelf: Some Additional Comments. September 13th, 1995

Hinz, K.: Remarks on Data Formats. September 13th 1995

Gunnarsson, Karl: A few Comments relating to the work of the "Group of Experts". New York, September 11-14th 1995.

Kazmin, Yuri B.: A. General Comments. B. The problem of »Ridges«. September 14th 1995.

Haworth/Kerr: Requirements for and analysis of Depth data Submitted to the Commission.

Croker, Peter: Remarks on Annoted Agenda regarding Scientific and Technical Aspects for the UN Group of Experts dealing with the Establishment of the United Nations Commission on the Limits of the Continental Shelf.

Sumardiman, Adi: Comments on the Working Paper on the Limits of the Continental Shelf prepared the UN Legal Counsel. United Nation, New York, September 12th 1995

MJ: Chronological list of ratifications, Accessions and Successions to the United Nations Convention on the Law of the Sea and their Regional Groups. September 13th, 1995.

Lorna/IOC./MLT: Additions to the Data Sets that can provide General Background to Submissions.

IOC Secretariat: Some Scientific Aspects in Relation to the Implementation of Article 76 of UNCLOS. September 11th, 1995.

Brekke, Harald: Group Experts on the Preparation for the Commission on the Limits of the Continental Shelf. Views and Comments on the Working Papers.

c:wp51doc\shelf\experts.csh

**LIST OF EXPERTS** 14 September 1995

**PARTICIPATING IN THE MEETING OF THE GROUP OF EXPERTS ON PREPARATIONS FOR THE ESTABLISHMENT OF THE COMMISSION ON THE LIMITS OF THE CONTINENTAL SHELF**

(New York, 11-14 September 1995)

Comandante Alexandre Tagore Medeiros De **ALBUQUERQUE**
Diretoria de Hidrografia e Navegacao (DHN)
Rua Barao de Jaceguay s/n
24048-900 Njteroi
Rio de Janeiro, BRAZIL
Tel: 55-21-719-2626 ext. 173
Fax: 55-21-719-4989 (or 7921)

Home: Ave. Borges de Medeiros, 3535, ap. 1102
22470-220 Lagoa
Rio de Janeiro, BRAZIL
Tel: 55-21-266-4360

Captain Osvaldo Pedro **ASTIZ**
Direccion de Asuntos Limitrofes
Ministerio de Relaciones Exteriores,
Comercio Internacional y Culto
Reconquista 1088, C.P. 1003
Buenos Aires
ARGENTINA
Tel (Office): 54-1-311-3553
Tel (Home): 54-1-551-4208
Fax: 54-1-315-4821
54-1-313-9083

Mr. Lawrence F. **AWOSIKA**
Nigerian Institute for Oceanography and Marine Research
Bar Beach, Victoria Island
P.M.B. 12729, Lagos
NIGERIA
Tel: 234-1-619-517 (direct)
Fax: 234-1-619-517 (direct)
234-1-261-7530

Home: Flat 8 BLK. A. NIOMR Staff Qtrs.
Wilmot Point Road
PMB 12729
Victoria Island, Lagos
NIGERIA
Tel. 234-1-619-247



Mr. Harald **BREKKE**
Norwegian Petroleum Directorate (NPD)
P.O. Box 600
N-4001 Stavanger
NORWAY
Tel: 47-51-87-62-84
Fax: 47-51-55-17-41
47-51-55-15-71

Home: Topdalsvn 160
N-4740 Tveit
NORWAY
Tel: 47-38-06-33-86

Lt. Cdr. Christopher M. **CARLETON**, MBE, RN
Owen Block
Hydrographic Office
Ministry of Defence
Taunton
Somerset TAI 2DN
UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN
AND NORTHERN IRELAND
Tel: 44-1-823-337-900, ext. 3428
Tel(home): 44-1-579-345-042
Fax: 44-1-823-353-075

Dr. Peter J. **COOK**
Chairman
IOC-UN(DOALOS) OSNLR
Intergovernmental Oceanographic Commission
UNESCO
1, rue Miollis
75732 PARIS CEDEX 15
FRANCE
Tel: 45-68-39-83
Fax: 40-56-93-16

U.K. ADDRESS:
Dr. Peter J. Cook
Director
Bristish Geological Survey
Kingsley Dunham Centre
Keyworth, Nottingham
UNITED KINGDOM, NG12 5GG
Fax: 44 (0) 115-936-3277
Tel: 44 (0) 115-936-3226 (Direct)
Tel: 44 (0) 115-937-5920 (Private)
Telex: 378173 BGSKEY G

**Mr. Peter F. CROKER**
Geophysicist
Petroleum Affairs Division
Department of Transport, Energy
and Communications
Beggars Bush
Haddington Road
Dublin 4
IRELAND
Fax: 353-1-660-44-62
Tel(Office): 353-1-670-74-44
Tel(Home): 353-1-494-61-47
e.mail peter@pad.tec.ie

**Mr. Karl GUNNARSSON**
Geophysicist
National Energy Authority - Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík
ICELAND
Tel (office): 354-569-6000/569-6071
Tel (home): 354-564-1928
Fax: 354-568-8896
e.mail: kg@os.is

**Commodore Neil R. GUY (Ret.)**
Hydrographic Office of South Africa
Private Bag XI
Tokai
7966 Cape Town
REPUBLIC OF SOUTH AFRICA
Tel: (21) 787-2405, 2445
Fax: (21) 787-2411, 2228
Telex: 527946
e.mail EP@msi.int.za
label item "Please pass to Neil Guy"

**Dr. Kazuchika HAMURO**
First Secretary
Permanent Mission of Japan to the
Conference on Disarmament
Case Postale 131
1211 Genève 19
SWITZERLAND
Tel (office): 41-22-717-3407
Tel (home): 41-22-700-6104
Fax: 41-22-788-3818



**Dr. Richard T. HAWORTH**
Director General
Sedimentary and Marine Geoscience Branch
Geological Survey of Canada
Department of Natural Resources
601 Booth Street
Ottawa, Ontario
CANADA K1A OE8

Tel: (613) 995-2340
Fax: (613) 996-6575
e-mail: haworth@gsc.emr.ca

**Dr. Karl HINZ**
Head
Geological and Geophysical Research Division
Bundesanstalt fur Geowissenschaften
und Rohstoffe
(Federal Institute for Geosciences and
Natural Resources)
P.O. Box 51-01-53
D-30631 Hannover
GERMANY
Fax: 49-511-643-2304
Tel: 49-511-643-3247
Tel. (home): 49-511-57-57-10

**Dr. Tadahiko KATSURA**
Head
Continental Shelf Survey Office
Hydrography Department
Maritime Safety Agency
Ministry of Transport, MSA, Hydrogophic Department
5-3-1, Tsukiji, Chuo-ku
Tokyo 104
JAPAN
Tel (office): 03-3541-3689
Tel (home): 03-3412-5090
Fax: 03-3545-2885
e.mail tkatsura@ws07.cue.jhd.go.jp

**Mr. Yuri B. KAZMIN**
Counsellor
Russian Committee of Geology and Mineral Resources
Smolenskaya Naberezhnaya, 2A, Apt. 161
Moscow
RUSSIAN FEDERATION
Tel (Office): (095) 254-5733
Fax: (095) 254-8733
Tel. (Home): (095) 244-7069

Mr. Adam J. **KERR**
Director
International Hydrographic Bureau
7 Avenue President J.F. Kennedy
B.P. 445 - MC 98011 MONACO CEDEX
PRINCIPAUTE DE MONACO
Tel: 33-93-50-65-87
Tel. (Home): 33-93-01-04-47
Fax: 33-93-25-20-03
E-mail: ihb@unice.fr

Mr. Iain C. **LAMONT**
Head of Nautical Division
Hydrographic Office
Royal New Zealand Navy
P.O. Box 33341
Takapuna, Auckland 9
NEW ZEALAND
Tel: 64-09-489-7227
Fax 64-09-489-5063
e.mail noi@hydro.navy.mil.nz
Tel (home): 64-09-445-1057

Mr. **LI** Haiqing
Secretariat of the Intergovernmental Oceanographic Commission
UNESCO
1, rue Miollis
75732 PARIS CEDEX 15
FRANCE
Tel: 33-1-456-839-94
Fax: 33-1-405-693-16
e.mail n.li@unesco.org

Professor **LIU** Guangding
Institute of Geophysics
Chinese Academy of Sciences
A-11 Datun Road
Beijing 100101
PEOPLE'S REPUBLIC OF CHINA
Tel: 86-10-203-1886
Fax: 86-10-203-1995
e.mail: liym@bepc2.ihep.ac.cn
Tel. (home): 86-10-255-9043



Mr. Daniel **RIO**
Ingénieur du service hydrographique et oceanographique de la Marine
Ministère de la Défense
SHOM-BP426
29275 BREST CEDEX
Tel: 33-98-22-08-23
Fax: 33-98-22-12-08
33-98-22-08-72

Dr. Robert W. **SMITH**
Division of Marine Law and Policy
Office of Ocean Affairs
Room 5805
U.S. Department of State
Washington, D.C. 20520
UNITED STATES OF AMERICA
Tel: (202) 647-5123
Fax: (202) 647-1106
e.mail rsmith@state.gov

Mr. Adi **SUMARDIMAN**, Vice Admiral (Ret.)
Jalan Angin Gending No. 42
Kompleks TNI-AL, Dewa Ruci
Jakarta Utara
INDONESIA
Tel (Office): 62-21-345-1922
Tel (Home): 62-21-440-2809
Fax: 62-21-384-1081

Correspondence to be sent to the following address:

Lemhannas
Merdeka Selatan No. 10
Jakarta
INDONESIA

Mr. Philip A. **SYMONDS**
Australian Geological Survey Organization
Marine, Petroleum and Sedimentary Resources Division
G.P.O. Box 378
Canberra City, ACT 2601
AUSTRALIA
Tel: 61-6-249-9490
Fax: 61-6-249-9980
e.mail: psymonds@agso.gov.au

Mr. George **TAFT**
Office of the Legal Adviser
U.S. Department of State
Washington, D.C. 20520
UNITED STATES OF AMERICA
Tel: (202) 647-4110
Fax: (202) 736-7115

**Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea**

Our e.mail address is:

**doalos@un.org**

Individually, the Meeting's Secretariat can be reached at:

**levy@un.org**
**steiner@un.org**
**zinchenko@un.org**
**jorgens@un.org** (also contact for technical issues)

Myndin sýnir tölvuteikningu á tölrænum hnitum landgrunnsmarka sem fylgja reglugerð 196 um landgrunnsmörk, frá 9.maí 1985. Þau eru sýnd með fernigum tengdum saman með heildregnum línum. Inn á kortið eru færð mörkin af kortinu sem fylgir reglugerðinni. Eins og sjá má er ekki gott samræmi í gögnunum, misræmi upp á einar 10 sjómílur algengt, og greinileg villa í einu hnitaparinu á Reykjaneshrygg.




Aug 30 15:35 Continental Shelf